



LEYFISBRÉF FYRIR NÝNEMAFERÐ TÆKNISKÓLANS

Þann 30.-31. ágúst 2016 verður farið í hina árlegu nýnemaferð. Ferðinni er heitið á gistiheimilið Art Hostel á Stokkseyri (Hafnargata 9). Við gistiheimilið er sundlaug og sjoppa. Lagt verður af stað frá Tækniskólanum:

- **Hafnarfirði kl. 15:30**
- **Skólavörðuholti kl. 16:00**
- **Háteigsvegi kl. 16:00**

Gist verður í eina nótt og lagt verður af stað heim upp úr hádegi daginn eftir. Áætluð heimkoma er klukkan 14:00.

Stjórn NST sér fyrir kvöldvöku, sundlaugarpartýi, grilli o.fl. skemmtilegu sem allt er gert til þess að nýnemarnir kynnist betur hver öðrum sem og nemendafélaginu. Þetta er gert í von um að næstu dagar, vikur, mánuðir og ár verði sem allra eftirminnilegust og skemmtileg.

Starfsmenn skólans með eftirlit

Ferðin er með öllu áfengis og vímuefnalaus og verða starfsmenn skólans með í för en hægt verður að hafa samband við Sigurð Einar Jónsson, félagsfulltrúa (S. 665-1209) meðan á ferðinni stendur.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi ferðina má hafa samband við Erik Snæ, gjaldkera NST (S. 696-4069) eða með tölvupósti á (nst@tskoli.is).

Matur og farangur

Nemendafélagið mun bjóða upp á pylsur, grænmetispylsur og gos um kvöldið en nemendur þurfa sjálfir að taka með sér morgunverð og snarl.

Taka þarf með sér dýnu, svefnpoka og sundföt og að sjálfsögðu hlý föt í samræmi við veður.

Þægilegt er að nemendur taki farangurinn með sér í skólann en hægt verður að geyma hann í stofum meðan nemandi sækir kennslustundir.

Verð

Verð fyrir ferðina er 3500 krónur og með fylgir miði á ballið sem er 1.sept. Greiðsla fer fram á heimasíðu <http://nst.is/midasala/> og **koma þarf með leyfisbréfið í ferðina.**

Með undirskrift forráðamanns er nýnema gefið leyfi til þess að fara í nýnemaferðina. Ef nemandi verður uppvís að broti á skólareglum verða forráðamenn að sækja nemandann eða hann sendur heim á eigin kostnað.

Nafn nemenda og kennitala

Undirskrift forráðarmanns

Ert þú grænmetisæta eða með fæðuþol?